

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 164/1999

frá 26. nóvember 1999

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/1999 frá 24. september 1999⁽¹⁾.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/734/EB frá 30. nóvember 1998 um sameiginlega tækniforskrift fyrir færanlegar gervihnattajarðstöðvar á landi (LMES) sem nota tíðnisviðin 1,5/1,6 GHz⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 4zz (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/578/EB) í XVIII. kafla II. viðauka við samninginn:

„4zza. **398 D 0734:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/734/EB frá 30. nóvember 1998 um sameiginlega tækniforskrift fyrir færanlegar gervihnattajarðstöðvar á landi (LMES) sem nota tíðnisviðin 1,5/1,6 GHz (Stjtið. EB L 351, 29.12.1998, bls. 37).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 325, 21.12.2000, bls. 260 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 60, 21.12.2000, bls. 23.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 351, 29.12.1998, bls. 37.

2. gr.

Fullgiltur texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 98/734/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. nóvember 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 26. nóvember 1999.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

N. v. Liechtenstein

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

G. Vik

E. Gerner

